



# Oddeyrarskóli Tengja

9. tölublað  
skólaárið  
2012-2013

Apríl 2013

## Skíðadagur í Hlíðarfjalli

Þriðjudaginn 9. apríl var útivistardagur þar sem nemendur og starfsfólk skólans nutu lífsins í Hlíðarfjalli í blíðskaparveðri. Yngstu börnin skemmtu sér konunglega á þotum og sleðum meðan þau eldri spreyttu sig á skíðum og brettum. Sumir voru það að þreyta frumraun sína á brettum og skíðum og þrátt fyrir byltur var alltaf staðið upp aftur með bros á vör. Eldra stigið, eða fimmti bekkur og eldri máttu verða eftir í fjallinu með leyfi foreldra eftir að formlegri dagskrá skólans lauk. Það er ánægjulegt að segja frá því að mikill meirihluti nemenda nýtti sér þann kost sem er til marks um hversu góðar aðstæður voru fjallinu þennan dag. Þórarinn var með myndavélina á lofti eins og vænta má og eru myndir væntanlegar á heimasíðuna.



## Flottur árangur í skólahreysti


Skólahreystikeppni grunnskólanna á Norðurlandi fór fram í íþróttahöllinni þann 20. mars. Fulltrúar Oddeyrarskóla í keppninni voru þau Alexander Ívan og Tara Lind úr 9. bekk og Andri Rósinberg og Heba úr 10. bekk. Varamenn voru Brynjar Skjöldal og Berglind úr 9. bekk. Oddeyrarskóli lenti í 4. sæti með 28,5 stig og voru aðeins einu stigi frá verðlaunasæti. Þetta var frábært árangur hjá okkar fólki og við erum stolt af þeim og óskum þeim innilega til hamingju!



## 5. bekkur í heimsókn hjá

Krakkarnir í 5. bekk brugðu sér bæjarleið ásamt kennurum og stuðningsfulltrúa fimmtudaginn 21. mars í heimsókn í Fimleikafélag Akureyrar, FIMAK. Þar fengu þeir að skoða og prófa stórglæsilega aðstöðu félagsins við Giljaskóla. Var þetta þrumugleði hjá bekknum og áttu þau sjálf hugmyndina að því að kíkja í þessa heimsókn. Aðstaða FIMAK við Kiðagil er ein best búna fimleikaaðstaða á landinu. Þar má finna hlaupabrautir, stökkdýnur, bogahesta og slár, meira en 2ja metra djúpa púðagryfju og mörg skemmtileg tæki sem krakkarnir fengu að spreyta sig á við miklar vinsældir. Mikil gleði var ríkjandi og allir skemmtu sér konunglega og voru börnin bæði kurteis og tillitssöm við starfsmenn salarins og eins hvert við annað. Sem sagt, vel heppnuð og mjög ánægjuleg ferð hjá 5. bekk í FIMAK.





## Á döfinni

**25. apríl:** Sumardagurinn fyrsti. Þá eru allir í frí.

**26. apríl:** Starfsdagur, frí hjá nemendum.

**1. maí:** Verkalýðsdagur—frí.

**9. maí:** Uppst.dagur—frí.

**20. maí:** Annar í hvítasunnu—frí.

**27.-31. maí:** 7. bekkur fer á Reyki.

**3.-5. júní:** 10. bekkjar ferðalag.

## Fréttir úr Frístund

Í frístund í vetur hefur verið góður hópur barna. Starfið er að mestu leyti í hefðbundnu formi en við reynum alltaf að brjóta það upp með því til dæmis að fara vikulega í íþróttasalinn og tölvuverið.

Við máluðum á piparkökur og vorum með jólastund fyrir jólin, fórum á Amtsbókasafnið í skoðunarferðir, héldum bíódag með poppi og drykkjum ásamt ýmsu fleiru.

Með hækkandi hitastigi í vor stefnum við á að nýta okkur skólalóðina meira og nálægðina við ýmsa spennandi staði til þess að fara í ferðir. Nú eru um 30 börn skráð í frístund.

Starfsmenn eru Jóhann Gunnar Sigmarsson, Allý Halla og Arnór Bliki.



## Skautar og bingó

Föstudaginn 22. mars var skv. hefðinni farið á skauta og í bingó í boði skólans. Í bingóinu var spilað upp á páskaegg.

Dagurinn heppnaðist afar vel og mátti sjá bros á hverju andliti. Leyfum myndunum að tala sínu máli.

